



Ljósmyndaskólinn ehf.
Hólmaslóð 6
101 Reykjavík

Dagsetning 2.7.2025
Málsnúmer MRN25060421

Vegna viðurkenningar Ljósmyndaskólans sem einkaskóli á framhaldsskólastigi

Vísað er til umsóknar Ljósmyndaskólans, kt. 610907-0750, dags. 8. maí 2025, um framlengingu á núgildandi viðurkenningu skólans sem einkaskóli á framhaldsskólastigi, vegna áformaðar lokunar Ljósmyndaskólans.

Ljósmyndaskólanum var veitt viðurkenning til kennslu á framhaldsskólastigi þann 15. nóvember 2022 en með viðurkenningunni var staðfest að skólinn uppfyllti viðmið til þess að kenna eftir staðfestum námsbrautarlýsingum: Skapandi ljósmyndun 1 (18-379-4-11) og Skapandi ljósmyndun 2 (18-380-4-11).

Fyrir liggur að Ljósmyndaskólinn stefnir að því að hætta störfum í lok júní 2026. Stefnt er að því að útskrifa nemendur af lokaönn frá skólanum í desember 2025, nemendur af námsbrautinni Skapandi ljósmyndun 1 í maí 2026 og að útskrifa nemendur sem þá eiga aðeins eina önn eftir af námi við skólann, í desember 2026 í samvinnu við aðra menntastofnun.

Núgildandi viðurkenning Ljósmyndaskólans rennur út 15. nóvember 2025. Óskað er eftir framlengingu á viðurkenningu Ljósmyndaskólans sem einkaskóli á framhaldsskólastigi til 30. júní 2026.

Með vísan til þeirra sérstöku aðstæðna í starfsemi skólans vegna áformaðar lokunar skólans er Ljósmyndaskólanum veitt framlenging á núgildandi viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. **Viðurkenning skólans, dags. 15. nóvember 2022, gildir til 30. júní 2026.**

Fyrir hönd ráðherra,

Theódóra Sigurðardóttir

Nanna Kristjana Traustadóttir